

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING

TILVÍSUN

Reykjavík, 7. desember 2004 2004110171  
G-ums 11/04

**Umsögn um 35. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt.**

Í bréfi dagsettu 11. nóvember 2004 óskar háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn ríkisskattstjóra um 35. mál yfirstandandi þings, frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og um virðisaukaskatt, nr. 50/1888, með síðari breytingum. Fer umsögn ríkisskattstjóra hér á eftir.

Með frumvarpinu er lagt til frávik frá þeirri meginreglu umræddra laga, að fésekt skuli aldrei nema lægri fjárhæð en tvöfaldri vangoldinni skattfjárhæð. Er í því lagt til að þessi ákvæði um lágmarksfésektir vegna vanskila taki ekki til þeirra tilvika þegar í skýrslum til skattyfirvalda hefur réttilega verið gerð grein fyrir skilafé, en það fé þó ekki greitt. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að breytingunni, sem lögð er til, sé ekki ætlað að taka til alvarlegra skattalagabrota, en undir þau falli vanskil alla jafna ekki nema þau nái yfir langt tímabil, um verulegar fjárhæðir sé að ræða eða ítrekað brot eða aðstæður auki saknæmi verknaðarins.


Ríkisskattstjóri telur að sú afmörkun fráviksins, sem um er fjallað í greinargerð með frumvarpinu sbr. framangreint verði ekki skýrt ráðin af hljóðan þeirra ákvæða sem lögð eru til, og óttast að breytingin muni draga úr þeim varnaðaráhrifum sem nefndri meginreglu er ætlað að hafa. Þykir ríkisskattstjóra varlegra að tiltekið væri í lagatexta að frávikinu frá meginreglunni ætti ekki við um ítrekuð vanskil eða endurtekin skilasvik sama aðila.


Ríkisskattstjóri getur tekið undir það sjónarmið, sem fram kemur í tillögunni, að ástæða kunnri að vera til að gera á því greinarmun m.t.t. til lágmarkssekta hvort skattyfirvöldum hafa verið veittar lögboðnar upplýsingar til grundvallar skattákvörðun, eða hvort gjaldandi hefur veitt rangar eða engar upplýsingar. Slíkur greinarmunur er til þess fallinn að hvetja gjaldendur til réttra skýrsluskila.

Við afmörkun á frávikinu frá meginreglunni þarf að hafa í huga að um er að ræða vörslufé sem hinn skilaskyldi aðili hefur dregið af launum starfsmanna eða innheimt sem skatt af viðskiptavinum, sem í sumum tilvikum eiga rétt á innskatti eða endurgreiðslu, og hefur því með athæfi sínu skaðað ríkissjóð. Ríkisskattstjóri telur því ekki síður ástæðu til að gera greinarmun á því hvort gjaldandi hefur skilað vörslufé þótt seint sé, eða hvort féð er ríkissjóði glatað.

Í þessu sambandi leyfir ríkisskattstjóri sér að vekja athygli á nýlegri frétt frá Vinnumálastofnun og Ábyrgðasjóði launa um mikla aukningu á greiðslum úr Ábyrgðasjóði. Í fréttinni er orsök gríðarlegrar útgjaldaaukningar sjóðsins m.a. rakin til fjölgunar gjaldþrota og ábyrgðarleysis stjórnenda fyrirtækja. Á það skal bent að í flestum þessara tilvika er félagið gert gjaldþrota án þess að greiða vangoldið vörslufé. Sé eigandi eða ábyrgðaraðili dæmdur í fésékt vegna skilasvika eða sæti stjórnvaldssekt er það vörslufé sem ekki var skilað engu að síður tapað.

Virðingarfyllt

  
Indriði H Þorláksson

  
Sigrún Högnason